

**STÆKKUN GRUNDARTANGAHAFNAR,
HVALFJARÐARSVEIT**

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð stækkun Grundartanga, lenging hafnarbakkans um 750 m og gerð um 10 ha landfyllingar, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 24. ágúst 2009.



INNGANGUR

Þann 16. júní 2009 tilkynntu Faxaflóahafnir sf. til Skipulagsstofnunar fyrirhugaða stækkun Grundartangahafnar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Hvalfjarðarsveitar, Fornleifaverndar ríkisins, Hafrannsóknastofnunarinnar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Siglingastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Hvalfjarðarsveit með bréfi móttæknu 13. júlí og tölvupósti 20. júlí 2009, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 26. júní 2009, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 7. júlí 2009, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfi dags. 14. júlí 2009, Siglingastofnun Íslands með bréfi dags. 13. júlí 2009 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 8. júlí 2009.

Frekari upplýsingar bárust frá Faxaflóahöfnum með bréfi dags. 14. júlí 2009.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fram kemur að fyrirhugað sé að stækka núverandi höfn á Grundartanga, með því að lengja fyrirbyggjandi hafnarbakka til vesturs. Núverandi hafnarbakki sé 500 m langur, en stefnt sé að því að lengja hann um 750 m, sem gert verði í 3-4 áföngum og muni fela í sér alls um 10 ha landfyllingu (um 2.000.000 m³). Uppbyggingin muni taka talsverðan tíma en ekki liggi fyrir áætlun um hvenær henni ljúki. Stefnt sé að því að landfylling verði að mestu leyti gerð með efni sem falli til við landmótun, formun lóða og gatnagerð innan iðnaðarsvæðisins ofan við fyrirhugaða höfn, en efni umfram það verði tekið úr námum í sjó eða á landi, sem hafi starfsleyfi. Framkvæmdin verði að öllu leyti innan þynningarsvæðis iðnaðarsvæðisins á Grundartanga og iðnaðar- og athafnasvæðisins þar.

Áhrif á lífríki í fjöru og sjó. Fram kemur að sjávardýpi á fyrirhuguðu fyllingarsvæði sé allt að 20 m. Grýtt fjara sé þar sem fyrirhugað sé að gera landfyllingu og við rannsókn (1983) þar hafi fundist nokkrar algengar tegundir sem lifa í fjörum, en rannsóknir gáfu ekki til kynna að um væri að ræða lífríki sem hefði sérstöðu eða bæri að vernda. Samanburður við aðrar rannsóknir (t.d. í Ósum, Akureyrarpólli og Skerjafirði) sýni að lífþyngd botndýra í sýnum sé líklega minni við fyrirhugað framkvæmdasvæði en á samanburðarsvæðunum.

Áhrif á sjávarstrauma. Fram kemur að samkvæmt frumniðurstöðum sérstakrar athugunar Siglingastofnunar á áhrifum vindöldu á fyrirhuguð hafnarmannvirki sé ekki líklegt að sjávaralda verði takmarkandi fyrir uppbyggingu hafnar á þessum stað.

Ásýnd og sjónræn áhrif. Fram kemur að fyrirhuguð lenging hafnarbakkans komi í beinu framhaldi af núverandi iðnaðarhöfn og sé staðsett innan iðnaðarsvæðis. Landfylling og höfn rísi ekki hátt og séu ekki áberandi, en iðnaðarsvæðið muni hins vegar stækka til framtíðar. Breyting á ásýnd svæðisins vegna fyrirhugaðra framkvæmda verði minni en vegna þeirra mannvirkja sem ráðgert sé að reist verði á iðnaðarsvæðinu ofan hafnar.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að framkvæmdin sé í samræmi við Aðalskipulag Skilmannahrepps 2002-2014. Unnið sé að nýju skipulagi fyrir sameinað sveitarfélag Hvalfjarðarsveitar og stefnt að því að aðalskipulagstillagan verði auglýst haustið 2009.

Fram kemur að sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hafi samþykkt nýtt deiliskipulag iðnaðar- og hafnarsvæðis á Grundartanga í mars 2009, sem geri ráð fyrir 10 ha landfyllingu ásamt 750 m löngum hafnarkanti við fyllinguna.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Hvalfjarðarsveit, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknastofnunin, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, Siglingastofnun Íslands og Umhverfisstofnun telja ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Áhrif á lífríki í fjöru og sjó. Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar kemur fram að um sé að ræða tiltölulega lítið svæði sem fara undir fyrirhugaðan hafnarbakka, þar sem hvorki finnist einstæðar né sjaldgæfar tegundir sem krefjist verndar. Þá sé ljóst að nokkuð rask hafi þegar orðið á svæðinu vegna fyrri framkvæmda.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að ekki liggi fyrir nýrri rannsóknir á botndýralíf í Hvalfirði en frá ofanverðum áttunda áratug síðustu aldar. Gera megi ráð fyrir að botn sé nú þegar mikið raskaður og framkvæmdir á svæðinu hafi þegar haft mikil áhrif á lífríki sjávarbotnsins við Grundartanga. Bent er á að kjölvatn skipa geti borið með sér framandi lífverur, botnmáling innihaldi eiturefni sem fari í sjó og einnig sé aukin hættu á olúslysum með aukinni skipaumferð. Telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að vakta hafnarsvæði til þess að hægt sé að fylgjast náið með mengun þeirra.

Áhrif á fornleifar. Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins er bent á að á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sé ein skráð fornleif, lending. Engin sýnileg merki séu eftir lendinguna og telur Fornleifavernd ekki þörf á að grípa til mótvægisáðgerða vegna hennar.

Áhrif á loftgæði. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að umferð flutningaskipa um stærri og betri höfn muni hafa neikvæð áhrif á loftgæði. Þar sem áætlað hafnarsvæði sé innan þynningarsvæðis stóriðjuvera á Grundartanga muni heildarlosun mengandi efna aukast lítið.

Ásýnd og sjónræn áhrif. Í umsögn Hvalfjarðarsveitar er bent á að fyrirhuguð stækkun Grundartangahafnar sé umfangsmikil, þar sem áætlað sé að um 2.000.000 m³ af efni fari í landfyllinguna. Ekki sé ljóst hversu mikið magn efnis muni falla til við landmótun, né hversu mikið efni verði sótt úr námum í sjó og nærliggjandi námum við Akrafjall.

Í svari Faxaflóahafna kemur fram að könnunarholur sem boraðar hafi verið á svæðinu gefi til kynna að meirihluti fyllingarefnis muni koma af lóðum sem teknar verði til landformunar á svæðinu samkvæmt samþykktu deiliskipulagi. Ítrekað er að hafnargerðin verði unnin í áföngum, sem spanna muni 10 -15 ár. Það efni sem upp á vanti verði að langmestu leyti sjódælt efni, líkt og gert hafi verið áður við framkvæmdir við Grundartangahöfn. Efnistöku úr landnámum verði haldið í lágmarki. Efni verði aðeins tekið úr námum sem hafi starfsleyfi.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða stækkun á núverandi höfn á Grundartanga, með því að lengja fyrirbyggjandi hafnarbakka, sem er 500 m að lengd, til vesturs um 750 m. Fylla þarf upp 10 ha lands með um 2.000.000 m³ af efni. Lenging hafnarbakkans verður gerð í 3-4 áföngum á næstu 10-15 árum.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Við málsmeðferð Skipulagsstofnunar hefur komið fram að nokkuð rask hefur þegar orðið á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði vegna fyrri framkvæmda. Ekki er þekkt að þar séu sjaldgæfar sjávarlífverur né fornleifar sem krefjist verndar eða mótvægisáðgerða. Fyrir liggur að hafnarsvæðið er innan þynningarsvæðis stóriðjuvera á Grundartanga og líklegt er að heildarlosun mengandi efna muni lítið aukast í kjölfar stækkunarinnar. Þá liggur fyrir að efnistaka til landfyllingar muni dreifast á 10-15 ár og verði nýtt til þess efni sem til fellur við landmótun og gatnagerð innan iðnaðarsvæðisins á Grundartanga en það sem á vantar verði sótt í sjó og á landi sem hafi starfsleyfi.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Faxaflóahafna sf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Faxaflóahafna vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að stækkun Grundartangahafnar, Hvalfjarðarsveit, sé ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Hvalfjarðarsveitar, skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 24. ágúst 2009.

Þóroddur F. Þóroddsson

Sigmar Arnar Steingrímsson